

## ERINDISBRÉF

# Starfshópur um málefni leikskóla

### Stjórnskipuleg staða

Starfshópurinn heyrir undir fræðslunefnd. Sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs og skóla- og sérkennslufulltrúi starfa með hópnum.

Tilnefningar í hópinn eru háðar samþykki bæjarstjórnar.

### Skipan nefndarinnar

Í hópnum eiga sæti 7 fulltrúar, tveir fulltrúar úr fræðslunefnd, tveir fulltrúar foreldra, leikskólakennari, skólastjórnandi og fulltrúi ófaglærðra starfsmanna. Starfsmenn skóla- og tómstundasviðs starfa með hópnum og munu stýra vinnunni, bera ábyrgð á henni og taka saman hugmyndir og rökstuðning hópsins. Ekki er greitt fyrir störf samráðshópsins.

Aðrir nefndarmenn fræðslunefndar hafa rétt til að sitja fundi starfshópsins sem áheyrnarfulltrúar með tillögurétt.

### Hlutverk

Meginhlutverk hópsins er að skoða starfsumhverfi leikskóla í víðum skilningi. Koma með tillögur að úrbótum:

Hlutverk nefndarinnar er:

- Sérstaklega verði skoðað stærð barnahópa og afleiðingar þess mikla álags fyrir börn að vera í stórum hópi í litlu rými löngum stundum.
- Vinnuaðstaða starfsfólks og rými barna verði skoðað sérstaklega og komi með hugmyndir að leiðum til þess að sporna við álagsvöldum í leikskólum.
- Skoða leikrými og heildarrými barnahópa.
- Að koma með hugmyndir að leiðum til sem hvetja fólk til að fara í leikskólakennaranám.
- Annað sem hópurinn telur mikilvægt og tengjast vinnslu málsins.

### Starfshættir

Samráðshópurinn kemur saman fyrir luktum dyrum og getur óskað eftir að fá álit sérfræðinga eftir þörfum.

Um starfshætti nefnda er sérstaklega getið í bæjarmálasamþykkt Ísafjarðarbæjar, sem byggð er á stjórnáslögum, um stjórn og fundarsköp og skal samráðshópurinn fylgja þeim eftir þar sem við á. Þar eru m.a. sérstök ákvæði um verkefnabundnar nefndir, fundarsköp og starfshætti.

Samráðshópurinn skal kjósa sér ritara sem ritar fundargerðir. Í fundargerð skal m.a. getið hvar og hvenær fundur er haldinn, töluröð fundar og hverjir sitji hann.

Skrá skal meginefni umfjöllunarefnis fundar og ef ákvörðun ef hún er tekin á fundinum. Fundargerðin skal lesin upp í lok fundar og undirrituð af fundarmönnum.

## **Eftirfylgni**

Fulltrúar hópsins skulu snúa sér til fræðslunefndar með eftirfylgni hugmynda hópsins. Fræðslunefnd ber ábyrgð á að fylgja málum eftir til bæjarstjórnar.

## **Starfstími**

Samstarfshópurinn skal ljúka störfum í síðasta lagi í lok maí 2019, en fyrir ef því verður komið við svo hægt verði að vinna úr hugmyndum hópsins eins fljótt og auðið er.

Þannig samþykkt í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar þann xx.nóvember 2018  
Guðmundur Gunnarsson, bæjarstjóri.